

ePortfolio - skil og staðfesting á að öllu hafi verið lokið

Ljúka þarf öllu sem við kemur ePortfolio-inu samkvæmt gátlista fyrir viðurkenningu á lokum sérnámsgrunns u.þ.b. mánuði áður en árinu lýkur skv. námsblokk. Þá þarf allt að vera komið þar inn sem mögulega er hægt að ganga frá samkvæmt gátlistanum. Það eina sem gæti þurft að vera útistandandi, er t.d. staðfesting á tímabili frá heilsugæslu (ef sérnámsgrunnslæknirinn lýkur árinu þar) eða annað sem hreinlega er ekki hægt að skila fyrr en alveg við lok ársins. Sendið póst á kennslustjóra sérnámsgrunns og látið vita að allt sé komið og óskið eftir því að fá senda staðfestingu á því. Kennslustjóri mun fara yfir skilin í ePortfolio-inu og lista upp það sem eftir er eða staðfesta að öllu hafi verið lokið. Ekki ætti að þurfa að gera annað en staðfesta að allt sé komið og að óska ykkur til hamingju með góða og samviskusama vinnu ;-).

Passið vel upp á að skila gátlista við upphaf árs, eftir um það bil þrjár vikur í starfi á Landspítala og/eða Sjúkrahúsinu á Akureyri, og mæta vel í fræðslu fyrir sérnámsgrunnslækna. Nauðsynlegt er að mæta í a.m.k. 10 skipti og engar undantekningar eru gerðar á því. Athuga þarf að fræðslan getur fallið niður með stuttum fyrirvara og er ekki í gangi yfir hásumartímenn. Yfirlit sem sýnir skil á gátlista og mætingu í fræðslu er send jafnt og þétt til sérnámsgrunnslækna á meðan á árinu stendur.

Gátlista fyrir lok sérnámsgrunns skal ekki skila fyrr en alveg við lok ársins (þegar 1 – 2 virkir dagar eru eftir af árinu), þar sem m.a. þarf að staðfesta að fjarvistir séu innan marka eða árið hafi verið lengt samkvæmt reglum um það. Þá þarf ePortfolio-ið að hafa verið staðfest, mæting í fræðslu að hafa náð a.m.k. 10 skiptum og farsími og hleðslutæki að hafa skilað sér í hús. Síma og hleðslutæki má skila í móttökuna í Skaftahlíð 24 (setja í umslag og merkja, sjá neðar) eða senda með innanhúspósti til Sigrúnar Ingimarsdóttur, menntadeild LSH, Skaftahlíð 24. **Athugið að sérnámsgrunnslæknar þurfa að passa vel upp á að tilkynna ef lengja þarf námsárið vegna fjarvista og mun þá tímasetningin fyrir skil á ePortfolio-inu breytist í samræmi við það.**